

**35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71.**

1870  
30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af lögum 29. f. m. um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71, ásamt útdráttar-epírriti af athugasemdum við frumvarp til fjárhagslaga fyrir tæð fjárhagsár, 20. gr. VI. A 1, 2 og 3, verður yður hér með bent á, að lögin aðeins leyfa nauðsynleg útgjöld, sem uppá koma, og á fyrirskipanir þær um útborgun embættismannalauna og fl., sem getið er um í bréfi stjórnarráðsins 20. febrúar 1866<sup>1</sup>; skal þess enn framfar getið, að síðar mun vísbending verða gefin bæði um útborgun launaviðbóta, sem embættismönnum ber á þessu fjárhagsári, samkvæmt lögum 26. f. m., og um hinar nýju gjaldagreinir, sem á að bæta inn í frumvarp til fjárhagslaganna, að svo miklu leyti sem snertir suður-umdæmið.

Um leið og stjórnarráðið mælist til þess, að þér kunnngjöríð hlutaðeigendum það sem með þarf, samkvæmt þessu, skal þess getið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um þetta mál, og vísbending gefin hinum amtmönnum á Íslandi, að því leyti þá sjálfa snertir og þá embættismenn, sem eru í þeirra umdæmum.

Með því að sú heimild, sem með tæðum lögum er veitt stjórninni, ekki nær útyfir þenna mánuð, og ríkisþingið er ekki búíð að ræða frumvarpið til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, skal þess að endingu getið, að konungur hefir í dag staðfest lög, er láta þessa heimild stjórnarinnar ná til 31. maím. þ. á.

**36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um hina nýju lyfjavog og lyfjaskrá.**

30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður (tit.) nokkur exemplr af auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 5. f. m. um, hvenær opið bréf

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 308.